



Mótframlagslán

Stuðnings-Kría - Stuðningur stjórnvalda við lífvænleg sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.

Um Stuðnings – Kría

- Til þess að bregðast við vanda lífvænlegra sprotafyrirtækja sem hafa lent í rekstrarvanda vegna COVID-19 heimsfaraldurs, munu stjórnvöld tímabundið bjóða mótframlag til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum samkvæmt fyrirfram ákveðnum skilyrðum með tímabundnu stuðningsúrræði sem kallast Stuðnings-Kría.
 - „Sprot- og nýsköpunarfyrirtæki hafa mikilvægu hlutverki að gegna í uppbyggingu atvinnulífsins hér á landi. Stuðnings – Kría nýtist sprotafyrirtækjum í því ótrygga ástandi sem nú ríkir og er upptaktur að þeirri auknu samvinnu stjórnvalda sem stefnt er að með Kríu – sprota – og nýsköpunarsjóði,“ - Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, nýsköpunarráðherra.
- Stuðnings-Kría mun geta úthlutað allt að 755 milljónum króna. Stjórnvöld leggja fram allt að 700 milljónir króna og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) allt að 70 milljónir króna, en af þeim fjárhæðum greiðast 15 milljónir króna til NSA fyrir umsýslu og framkvæmd verkefnisins.
- NSA mun hafa umsjón með lánveitingum samkvæmt samkomulagi við nýsköpunarráðherra. Ákvarðanir um veitingu mótframlagslána verða teknar af lánanefnd sem ráðherra skipar sérstaklega.

Tilgangur

- Mótframlagslán eru hluti af efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar til að mæta neikvæðum efnahagslegum afleiðingum COVID-19 heimsfaraldursins.
- Í aðgerðum ríkisstjórnarinnar er sérstaklega lögð áhersla á að efla nýsköpun og tryggja rekstrargrundvöll sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.
- Stuðningur stjórnvalda við lífvænleg sprota- og nýsköpunarfyrirtæki í gegnum erfiða tíma er mikilvægur þáttur í viðspyrnu atvinnulífsins í kjölfar COVID-19. Aðgerðir stjórnvalda miða að því að koma hjólum atvinnulífsins aftur í réttan farveg.
- Með því að veita slíkum fyrirtækjum liðsinni eykst fjölbreytni í atvinnulífinu sem leggur grunn að auknum stöðugleika. Þannig fjölgar störfum, meiri verðmæti verða til, útflutningur eykst og hagkerfið nær þannig fyrri styrk og gott betur.

Skilmálar og kjör lánanna

- **Mótframlagslán verða í formi skuldabréfa með breytirétti í hlutafé og veitt til skamms tíma.**
 - Almennt er gert ráð fyrir að kjör mótframlagslána svo sem vextir, lánstími, breytiréttur og önnur kjör verði þau sömu og fjárfestirinn er tilbúinn að veita fyrirtækinu.
- **Lánin skulu þó að lágmarki bera eftirfarandi kjör:**
 - Vextir ekki lægri en 10%
 - Lánstími ekki lengri en 36 mánuðir
 - Lánsupphæð frá 25 m.kr. til hámark 70 m.kr.
- **Hafi fjárfestir veitt félaginu fjármögnun á árinu 2020 í formi hlutafjárauðingar, skulu lágmarkskjör gilda fyrir mótframlagslán til félagsins.**

Skilmálar og kjör lánanna

- Mótframlagslán skulu vera í formi breytanlegra skuldabréfa þar sem lánveitanda er heimilt eftir atvikum að breyta lánsfjárhæðinni, auk áfallinna og ógreiddra vaxta, í hlutabréf hjá skuldara lánsins.
- Lánsfjárhæð hvers mótframlagsláns skal vera að lágmarki 25 milljónir króna en að hámarki 70 milljónir króna.
- Mótframlagslán verða aðeins í boði á árinu 2020.
- Heildarfjárhæð allra mótframlagslána er 755 milljónir króna. Reynist eftirspurn sprota- og nýsköpunarfyrirtækja eftir mótframlagslánum meiri en sú fjárheimild sem er til grundvallar aðgerðinni mun lánsfjárhæð hvers mótframlagsláns lækka hlutfallslega (pro rata) í samræmi við það.

Skilyrði og kröfur

- Meginforsenda mótframlagslána er að fjárfestir sé tilbúinn til að veita fyrirtækinu fjármögnun með hlutafjárframlagi eða lánsfé.
- Sé um lán að ræða er gert ráð fyrir að lánsfjárhæð, lánstími og önnur kjör mótframlagslánsins verði þau sömu og fjárfestirinn er tilbúinn að veita fyrirtækinu.
- Mótframlagslánin munu því ekki standa þeim fyrirtækjum til boða sem geta **ekki** aflað sér fjármagns frá fjárfesti til grundvallar mótframlagsláni.
- Mótframlagslán lán verða **ekki** veitt ef fyrirtæki uppfylla ekki nánar tilgreindar kröfur og skilyrði sem liggja til grundvallar úthlutunar lánanna.

Skilyrði mótframlagslána

- Fullnægjandi umsókn hefur verið skilað.
- Umsækjandi er félag sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og greiðir skatta hér á landi.
- Umsækjandi er með innan við 50 stöðugildi 1. mars 2020 og ársvelta innan við 500 m.kr. á árinu 2019.
- Sýnt er fram á að á árunum 2018, 2019 og/eða 2020 hafi félagið tryggt sér fjármögnun í formi hlutafjár eða lánsfjár sem nemi a.m.k. 40 m.kr.
- Umsækjandi er ekki skráður á skipulegan verðbréfamarkað, í skilningi laga nr. 110/2007 um kauphallir, eða markaðstorg fjármálagerninga, í skilningi laga um nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.
- Umsækjandi hefur hlotið staðfestingu Rannís skv. 5. gr. laga nr. 152/2009 á árinu 2019 **eða** styrk frá Tækniþróunarsjóði á árunum 2017-2020.
- Umsækjandi hefur ekki frá 1. mars 2020 greitt út arð, óumsamda kaupauka, keypt eigin hlutabréf, greitt af víkjandi láni fyrir gjalddaga eða veitt eigendum eða nákomnum aðilum umsækjanda lán eða aðrar greiðslur sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri.
- Umsækjandi er með hreint skuldleysivottorð frá Skattinum.
- Umsækjandi hefur frá og með 1. mars 2020 tryggt einkafjármögnun í formi lánsfjár eða hlutafjár eða a.m.k. sömu fjárhæð og mótframlagslán sem sótt er um.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt

Eftir að umsækjanda hefur verið tilkynnt að umsókn sé samþykkt, en áður en mótframlagslán er veitt, skal umsækjandi sýna fram á að eftirfarandi hafi átt sér stað innan 4 vikna frá móttöku tilkynningar um samþykkt:

1. Að umsækjandi sýni fram á að hluthafafundur umsækjanda hafi samþykkt að gefa út skuldabréf með breytirétti og breyta samþykktum sínum.
2. Að umsækjandi sýni fram á að viðeigandi breytingar á samþykktum hans hafi verið skráðar hjá fyrirtækjaskrá og eftir atvikum hlutafjórðun vegna hlutafjárframlags fjárfestis.
3. Að umsækjandi sýni fram á að honum hafi borist fjármögnun frá fjárfesti sem er a.m.k. jafnhá mótframlagsláni.

Umsókn og fylgigögn

Með umsókn um mótframlagslán skulu eftirfarandi gögn fylgja:

- Staðfesting á skráningu félags í hlutafélagaskrá s.s. vottorð frá fyrirtækjaskrá.
- Gildandi samþykktir umsækjanda.
- Ársreikningur 2019. Liggi hann ekki fyrir þá ársreikningur 2018.
- Staðfesting á skuldbindingu fjárfestis í formi hlutafjár eða lánsfjár, að a.m.k. sömu fjárhæð og mótframlagslán sem sótt er um.
- Staðfesting á að umsækjandi hafi:
 - Hlotið staðfestingu Rannís á árinu 2019, eða
 - Styrk frá Tækniþróunarsjóði á árunum 2017-2020
- Skuldleysisvottorð frá Skattinum.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal senda á netfangið motframlagslan@nyskopun.is

Umsóknarblað

UMSÓKN UM MÓTFRAMLAGSLÁN

Umsóknarblað inniheldur:

- **Upplýsingar um umsækjanda.**
- **Upplýsingar um lán.**
- **Fylgigögn.**
- **Yfirlýsingar:**
 - Umsækjandi gengst undir ábyrgðaryfirlýsingu um að uppfylla öll skilyrði sem kveðið er á um.

Almennar upplýsingar um umsækjanda

Nafn:	Kennitala:
Heimilisfang:	Netfang:
Póstnr. og staður:	Sími (tel):

Upplýsingar um lán:

Lánsfjárhæð sem sótt er um: ¹
Lánstími í mánuðum: ²
Vextir á ársgrundvelli: ³
Lánið óskast lagt inn á reikning:

Spurningar og svör

1. Hvenær geta umsækjendur sótt um mótframlagslán?

- Opnað verður fyrir umsóknir dags 16. júlí 2020 og er umsóknarfrestur 4 vikur eða til 13. ágúst 2020.

2. Hvar skulu umsækjendur skila umsókn og fylgiskjölum?

- Umsókn skal senda á netfangið motframlagslan@nyskopun.is og öll fylgiskjöl skulu berast rafrænt samhliða henni.

3. Ef umsækjandi er með 51 eða fleiri stöðugildi þann 1. mars 2020, fær umsækjandi þá ekki mótframlagslán?

- Nei, mótframlagslán verður aðeins veitt ef sýnt þykir að gefin skilyrði eru uppfyllt. Undantekningar verða ekki veittar.

4. Hvenær verða lánin greidd út?

- Umsóknartíminn er 4 vikur, frá 16. júlí til 13. ágúst 2020, að þeim tíma liðnum fer lánanefnd yfir umsóknir og er reiknað með að það taki allt að 3 vikur eða til 3. september 2020. Þá hafa félögin 4 vikur til að skila gögnum eða til 1. október.
- Áætlað er að lánin verða greidd út í september og október 2020.

Spurningar og svör

5. Hver er lágmarks og hámarks upphæð?

- Lágmarks upphæð er 25 m.kr.
- Hámarks upphæð er 70 m.kr.
- Reynist fjárhæð samþykktra umsókna hærri en sú fjárheimild sem er til staðar mun lánsfjárhæð hvers mótframlagsláns lækka hlutfallslega (pro rata).

6. Hvar sækir umsækjandi um skuldleysivottorð?

- Á <https://www.rsk.is/innheimta/vottord-um-skuldleysi> má finna leiðbeiningar um það. Umsækjendur geta pantað skuldleysivottorð í gegnum <http://www.island.is> og er vottorðið sent í pósthólf umsækjenda.

7. Getur umsækjandi sótt um mótframlagslán án þess að hafa fengið lánveitingu frá fjárfesti?

- Já, svo lengi sem yfirlýsing frá fjárfesti liggur fyrir, á formi sem aðgengilegt er hjá Nýsköpunarsjóði, þar sem fjárfestir skuldbindur sig til þess að veita umsækjanda fjármagn í formi lánsfjár eða hlutafjár. Mótframlagslán verður síðan ekki greitt fyrr en að umsækjandi sýnir fram á að honum hafi borist fjármögnun frá fjárfesti sem er a.m.k. jafnhá mótframlagsláni.

Spurningar og svör

8. **Hvað gildir ef umsækjandi hefur nú þegar fengið lánveitingu frá fjárfesti og hefur áhuga á að sækja um mótframlagslán?**
- Hafi umsækjanda nú þegar borist fjármagn frá fjárfesti, skulu upplýsingar um það fjármagn fylgja með umsókn. Lánveiting skal eigi hafa borist fyrr heldur en frá og með 1. mars 2020 og vera í formi lánsfjár eða hlutafjár fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og mótframlagslán sem sótt er um.
9. **Hvað gerist ef það kemur í ljós að umsækjandi uppfyllir ekki skilyrðin eftir að hafa fengið úthlutað mótframlagslán?**
- Umsækjandi ábyrgist í umsókn sinni að allar upplýsingar sem veittar eru í umsókn og fylgigögnum séu réttar. Komi í ljós að upplýsingar hafi ekki verið réttar, er kröfuhafa heimilt að gjaldfella skuldabréfið samkvæmt skilmálum þess.
 - Við gjaldfellingu er kröfuhafa heimilt að breyta lánsfjárhæð, auk áfallinna vaxta, í hluti í umsækjanda í stað þess að fá lánsfjárhæðina endurgreidda.
 - Umsækjandi gengst undir þá skuldbindingu samkvæmt skilmálum skuldabréfsins að tilkynna kröfuhafa ef upp koma aðstæður er valdið geta gjaldfellingu skuldabréfsins.

Spurningar og svör

10. Þegar mótframlagslán er samþykkt, þarf umsækjandi eitthvað að aðhafast í tengslum við lánaveitinguna sem umsækjanda hafði þegar verið veitt.

- Sé fjármögnun frá fjárfesti í formi lánsfjár skal hún vera í formi breytanlegs skuldabréfs en formið er aðgengilegt hjá Nýsköpunarsjóði. Því þurfa umsækjandi og fjárfestir að skilmálabreyta skilmálum láns en form að skilmálabreytingu er aðgengilegt hjá Nýsköpunarsjóði.

11. Getur framlag fjárfesta komið frá fleiri en einum aðila?

- Já, framlagið, hvort sem það er í formi hlutafjár eða lánsfjár, getur verið frá fleiri en einum aðila en samtalan þarf að vera að lágmarki kr. 25.000.000,-